



Fundargerð nr. 12

Íþróttá- æskulýðs- og menningarnefnd Flóahrepps

Fundarstaður:	Þingborg fundarsalur
Fundardagur:	Þriðjudagur 24. september 2024
Fundartími:	19:30-21:30
Fundarmenn:	Sigrún Hrefna Arnardóttir formaður Rúnar Magnússon Harpa Magnúsdóttir Hafdís Gígja Björnsdóttir varamaður fyrir Agnesi Björgu Birgisdóttur

Að auki sat Berglind Björk Guðnadóttir fundinn undir lið 1 og 2.

Sigurður Ingi Sigurðsson tilkynnti forföll.

Sigrún Hrefna Arnardóttir stýrði fundi. Harpa Magnúsdóttir ritaði fundargerð.

1. Jóla aðventutónleikar.

Komnir eru kórar í Flóaskóla, og kórstjóri er Eyrún Jónasdóttir - 1-4 bekkur og 5-7 bekkur. Athuga með svipuð atriði og síðast. Keypt atriði, spurning um að skoða eitthvað annað en síðast. Breyta jólasveininum. Hraða kakó afgreiðslunni. Auglýsa eftir atriðum eins og í fyrra og tala við tónlistarskólann og tónsmiðjuna. Sama kerfi og síðast með miðana og frímiðana. Reyna að hafa allt efni úr sveitinni eins og áður.

2. Styrkumsókn vegna Aðventutónleika 2024.

Sækja um styrk til uppbyggingarsjóðs SASS. Berglind gerir umsókn, skoðar umsókn síðasta árs.

Berglind vísar af fundi.

3. Fjör í Flóa.

Gekk mjög vel þrátt fyrir leiðinlegt veður. Gangan gekk einstaklega vel sérstaklega þrátt fyrir veður en það rigndi alla gönguna. Allar sýningar gengu mjög vel. Færri gestir en áður vegna veðurs og því minni sala. Beiðni um gott veður að ári er lögð inn.

4. Haustviðburður

Ákveðið að sleppa því að halda ball. Einbeita sér að aðventukvöldi og eldri borgara hittingum.

5. Íþróttá og æskulýðsmál

Íþróttá og æskulýðsmál í góðum málum. Hvetja ungmennaráð til að vera með opið hús í vetur.

6. Málefni eldri íbúa

Rætt um eldri borgara opin hús og almennt um opin hús.

Fundargerð rituð af Hörpu Magnúsdóttur